



Ungmennaráð Hrunamannahrepps

9. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn mánudaginn 20. apríl 2026 kl. 16:00 í Huppusal.

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Sara Nadía Gunnarsdóttir aðalmaður, Andri Óskarsson aðalmaður og Stígur Eyfjörð Ævarsson aðalmaður.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason starfsmaður Ungmennaráðs sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. **Boð um þátttöku:** Samráðsfundur UMFÍ með ungu fólki á Suðurlandi verður 24. apríl 2026 í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Fundurinn er ætlaður fólki á aldrinum 15–25 ára og veitir mikilvægt tækifæri til að koma sjónarmiðum, reynslu og hugmyndum á framfæri við fulltrúa í íþrótt- og æskulýðsstarfi og sveitarfélögum. Þátttaka styður við lýðræðislega þátttöku ungs fólks og leggja okkar af mörkum til að efla og bæta skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf á svæðinu.
 - a. Ungmennaráð Hrunamannahrepps tekur vel í erindið og stefnir á að senda fulltrúa á ráðstefnuna.
2. **Edda Jónsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar kemur inn á fund til samráðs við ungmennaráð um ýmiss málefni og þjónustu sem sveitarfélagið veitir sem gott er að fá álit ungmenna á.**
 - a. Ungmennaráð kemur að hugmyndavinnu v. sumardagsins fyrsta.
 - b. Lengdar opnanir menningarmiðstöðvar á miðvikudögum milli kl. 16-18.
 - c. Frídagar í skólum (jólafrí, páskar o.fl.)
 - i. Ungmennaráð fagnar fölskyldudögum á frídögum.
 - d. 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.
 - e. Samráð um mótun á starfi næsta vetur, sérstaklega hvað lýtur að grunn, framhalds, og háskólanemum í Sveitarfélaginu.
 - f. Eftirfylgd af samtali um upphaf og þróun nýrrar menningarmiðstöðvar.

3. **Erindi frá verkefnarstjóra Farsældarráðs Suðurlands sem vinnur að mótun aðgerðaráætlunar í farsæld barna fyrir Suðurland.** Farsældarráð Suðurlands vinnur nú að því að safna upplýsingum og gögnum um stöðu barna og ungmenna á Suðurlandi og mun síðan forgangsraða aðgerðum út frá þeim upplýsingum. Ungmennaráði falið að svara eftirfarandi spurningum:
- a. **Hverjar eru helstu áskoranir barna- og ungmenna í ykkar nærumhverfi/sveitarfélagi?**
 - i. Andleg og líkamleg heilsa barna og ungmenna.
 - ii. Börn og ungmenni upplifi að þau tilheyri samfélagi - hafi rödd innan þess.
 - b. **Hvaða ákall hafið þið til þess að bæta aðstæður barna- og ungmenna í sveitarfélaginu?**
 - i. Börnum og ungmönnum skortir íverustaður milli skóla og íþróttastarfs. Mikilvægt er að þau hafi stað til að sækja til þess að bíða eftir æfingu.
 - ii. Tryggja börnum jafnt aðgengi að íþróttastarfi óháð búsetu.
 - iii. Sálfræðiþjónusta við börn og ungmenni, andleg líðan fær oft minna vægi í stefnumótun en líkamleg líðan.
 - iv. Sveitarfélagið leggi sig enn betur fram við að leita til barna og ungmenna um þeirra álit á stefnumótun eða ákvörðunum um einstaka verkefni sem varða hagsmuni barna og ungmenna.
 - v. Efla faglegt íþróttastarf frekar – erfitt að fá þjálfara til starfa.
 - vi. Lengja opnun og bæta aðstöðu sundlaugar, sérstaklega á kvöldin.
 - vii. Mjög brýnt að mæta frístundapörf barna í frímínútum á skólatíma, eftir að símalaus skóli var innleiddur skiptir slíkt enn meira máli. Það þarf að bæta slíka aðstöðu, nemendur kalla mikið eftir þessu.
 - viii. Húsnæðismál Flúðaskóla, mikilvægt að rými séu opin, björt, hlýleg og snyrtileg. Sérstaklega anddyri.
 - c. **Hvaða leiðir sjáið þið í átt að aukinni samvinnu/samstarfi á milli stofnana/sveitarfélaga sem geta bætt stöðu barna- og ungmenna?**
 - i. Sveitarfélögin vinni betur saman í íþrótt- og tólmstundamálum. Öflugar almenningssamgöngur milli helstu þéttbýliskjarna í uppsveitum myndi skila því að börn hafi tækifæri til þess að sækja fjölbreyttara íþrótt- og tólmstundastarf. Þá gætu svæðin einbeitt sér enn betur að því að efla tiltekna íþróttagreinar á hverjum stað fyrir sig, þó þátttakendur kæmu úr fleiri sveitarfélögum.
4. **Matstæki frá UNICEF** er varðar virkni ungmennaráðs. Markmiðið er að greina raunverulega stöðu og áhrif ráðsins innan sveitarfélagsins og veita okkur í framhaldinu tillögur um hvernig megi styrkja starf þess. Þátttaka veitir gagnlega innsýn í starf ráðsins og styður við aukið vægi þess, en svör eru nafnlaus og ekki persónugreinanleg að meginstefnu. Matstækið verður einnig lagt fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn sveitarfélagsins eftir þörfum.
- a. Starfsmaður ungmennaráðs leggur matstækið fyrir ráðið.

5. **Ungmennaráð vill bæta inn eftirfarandi bókun vegna umræðu um aðstæður barna í sveitarfélaginu, sjá bókun hér ofar.**

a. Ungmennaráð bókar eftirfarandi:

Við viljum vekja athygli á mikilvægi þess að aðkoma og fyrsti snerti flötur barna við grunnskóla sé jákvæður og styðjandi fyrir velferð þeirra. Rannsóknir og reynsla sýna að umhverfi hefur bein áhrif á líðan, öryggiskennd og námsvilja barna.

Bjart, hlýlegt og snyrtilegt anddyri skapar tilfinningu fyrir öryggi, virðingu og vellíðan frá fyrstu stundu. Slíkt umhverfi getur haft jákvæð áhrif á sjálfstraust, einbeitingu og þátttöku nemenda í skólastarfi.

Á móti getur dimmt, kalt og óaðlaðandi rými haft neikvæð áhrif á líðan barna. Því teljum við mikilvægt að huga sérstaklega að því að anddyri sé í samræmi við þarfir barna og styðji við heilbrigt og jákvætt skólaumhverfi.

Anddyri 4. - 10. bekkjar er í kjallara Flúðaskóla þar sem rýmið er kuldalegt, blautt, lokað. Það er mat ungmennaráðs að slíkt sé ekki til þess fallið að stuðla að góðri líðan, öryggiskennd og jákvæðri tengingu barna við skólaumhverfið. Þá vantar einnig anddyri fyrir gesti, fyrir úlpur og skó. Aðkoman að Flúðaskóla gæti verið til fyrirmyndar ef sameiginlegt anddyri væri á jarðhæð.

Fundi slitið kl. 18.21